

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vegagerðin Reyðarfjörður



Dags eftirlits	20.9.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella
Fyrirtæki	Vegagerðin	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella
Heimili	Borgartúni 5 - 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680269	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Hinrik Oliversson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Eiríkur Hermannsson	Staðsetning	N65°01'524 V14°12'563

Niðurstaða eftirlits

Eitt frávik frá ákvæðum starfsleyfisins kom fram við eftirlit er varðar að þrýstiprófun á löndunarlögn var ekki framkvæmd innan tímaramma og ein ábending var sett fram um frágang á lausamunum á lóð.

Umfang eftirlits

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða bikbirgðastöð Vegagerðarinnar á Reyðarfirði og er heimild í starfsleyfi bundin við móttöku og geymslu í stærsta geymi, allt að 910 m³ af biki eða öðrum olíuefnum sem ætluð eru til malbiks og olíumalarefnaframleiðslu. Starfsleyfið gildir til 19. mars 2031.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Fjögur frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2022, er varða að mikið magn efnabamba er staðsett í pró rekstraraðila, að ómerktir efnabambar með óþekktu innihaldi standa í pró rekstraraðila, að olíuúrgangur stendur óvarin við inngang stöðvarhúss og að ídræg efni til hreinsunar á olíuefnum vantar. Brugðist hefur verið við þessum frávikum með fullnægjandi hætti og er þeim lokað. Ein ábending er sett fram er varðar að uppfæra þarf áætlanir m.t.t. starfsmannabreytinga. Einnig hefur verið brugðist við þeirri ábendingu. Frávik frá eftirliti ársins 2016 stendur enn opið varðandi að áfylling flutningsgeyma skuli fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju. Rekstraraðili sendir inn nýja úrbótaáætlun hvað það varðar.

Engar breytingar hafa verið gerðar á stöðinni frá síðasta eftirliti og umfangið er álíka og verið hefur. Um 220.000 L af biki voru í geyminum er eftirlitið fór fram og var síðast landað í geyminn í febrúar sl.

Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Rekstrarhandbók var yfirfarin og skráningar sem eiga að vera aðgengilegar í henni skv. starfsleyfi skoðaðar. Haldið er utan um skráningar á viðhaldi, eftirliti og bilunum á mengunarvarnarbúnaði s.s. hreinsivirki í frárennsli og lekavarnarbúnaði í dagbók. Starfsleyfi var aðgengilegt í rekstrarhandbók.

Olíugeymar voru þykktarmældir árin 2023 (bikgeymir), 2015 (viðlöðunarefnisgeymir) og 2017 (lýsisgeymir). Með reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi hefur krafa um botnþykktarmælingar á jarðbiksgeymum á 10 ára fresti verið felld út en ákvæðið er þó enn gilt í starfsleyfi. Starfsleyfi þetta verður fallið úr gildi þegar næstu þykktarmælingar á bikgeymi eiga að fara fram og verður ákvæðið fellt út með nýju leyfi. Þykktarmæla þarf aðra geyma á a.m.k. 10 ára fresti. Þrýstiprófun á löndunarlögn skal fara fram á 5 ára fresti skv. gr. 3.2 í starfsleyfi og átti að framkvæma hana árið 2022. Prófunin fór ekki fram fyrir en 27. janúar 2023 og því er skráð frávik þar um. Ekki eru ekki gerðar ábendingar um áframhaldandi notkun á lögninni.

Stöðin er staðsett innan lóðar Olíudreifingar ehf. og er leigusamningur þar um. Olíuskiljur eru sameiginlegar með Olíudreifingu og sjá starfsmenn hennar um að þjónusta skiljurnar og taka sýni skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili er minntur á að það er á ábyrgð starfsleyfishafa að senda niðurstöður mælinganna til eftirlitsaðila er niðurstöður berast, þó svo að mælingarnar séu framkvæmdar af Olíudreifingu. Gert var olíupróf með Macherey-Nagel strimlum í skilju þann 4. október sl. og varð ekki vart við olíu í frárennsli skiljunnar.

Búið var að fjarlægja efnabambana sem frávik var sett á um í síðasta eftirliti. Nokkrir tómir bambar stóðu í þrónni. Tveir gámar standa í þrónni og í þeim er geymt viðloðunarefni fyrir bik m.a. Impact 8000 og Wetfix N sem og lýsi.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Gengið var um stöðina. Hlið var læst er komið var að, girðingar eru heilar. Bent er á að gæta þess að ganga frá lausamunum sem ekki er verið að nota til að lágmarka hættuna á foki og bæta ásýnd. Spottar, borðar og plastbrúsar lágu í þrónni er eftirlitið fór fram. Áfylling flutningabifreiða fer fram sem áður, á malarplani við hlið bikgeymisins. Vatn stóð í þrónni eftir miklar rigningar síðustu vikur.

Frávik frá

Gr. 3.2 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Þrýstiprófanir á lögnum áttu að fara fram árið 2022 en voru ekki framkvæmdar fyrr en í janúar 2023.

Ábendingar


Ábending er sett fram um að gæta þarf þess að ganga frá lausamunum sem ekki er verið að nota til að lágmarka hættuna á foki og bæta ásýnd. Spottar, borðar og plastbrúsar lágu í þrónni er eftirlitið fór fram.

Annað

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en héðan í frá verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Reykjavík, 08.11.2023



Guðbjörg Stella Árnadóttir

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta

bls. 3

